

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Búðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun í Búðum (I-4), svæði sem afmarkast af Bæjarbraut, Karlabraut, Hnoðraholtbraut og Gilsbúð breytist úr athafna-, verslunar- og þjónustusvæði í athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.